

Skattavakt PwC

Fréttabréf Skatta- og lögfræðisviðs

8.-9. tölublað 2012

Skattavaktin er mánaðarlegt fréttabréf PwC þar sem sérfræðingar á Skatta- og lögfræðisviði félagsins skrifa um athyglisvert efni tengt skattarétti. Leitast er við að gera grein fyrir nýju efni, hvort sem um er að ræða dóma, lög, frumvörp, úrskurði eða stjórnvaldsákvarðanir.

pwc

Efnisyfirlit

Héraðsdómur Reykjavíkur í máli nr. E-1282/2011

Deilt var um lögmati iðnaðarmálagjalds og því haldið fram að skattstjóra hafi skort skattlagningarheimild. Ekki fallist á kröfur stefnenda um að fella niður álagningu iðnaðarmálagjalds.

Héraðsdómur Reykjavíkur í máli nr. S-193/2012

Í refsímáli hélt ákærði því fram að það væri á ábyrgð bókhaldsstofu að standa skil á staðgreiðsluskilagreinum. Dómurinn hafnaði þessari málsástæðu og tók fram að það firri mann ekki ábyrgð að hann hafi falið bókhaldsstofu að annast útreikning launa og færslu bókhalds.

Úrskurður yfirskattanefndar nr. 254/2011

Yfirskattanefnd taldi það ekki heimilt að nýta ónotað rekstrartap sem myndast hafði í rekstri ferðaskrifstofu frá tekjum af verðbréfavíðskiptum, sbr. 8. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, og staðfesti því úrskurð ríkisskattstjóra.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti tekur til starfa

Þann 1. september sl. tók fjármála- og efnahagsráðuneyti til starfa í samræmi við boðaðar breytingar á skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Héraðsdómur Reykjavíkur í máli nr. E-1282/2011

Í þessu máli var deilt um lögmæti iðnaðarmálagjalds eins og það var lagt á gjaldárið 2010 vegna iðnaðar á árinu 2009. Samkvæmt lögum nr. 134/1994, um iðnaðarmálagjald, skyldi leggja 0,08% iðnaðarmálagjald á allan iðnað í landinu eins og hann var skilgreindur nánar.

Hópur iðnrekenda stefndi ríkinu og byggði á því að engin álagningarheimild hafi verið til álagningar iðnaðarmálagjalds, en með því að breyta iðnaðarmálagjaldi í gjalddöku í sérstöku skyni í ríkissjóð hafi verið felld brott 3. mgr. 1. gr. laga nr. 134/1994 um að álagning og innheimta iðnaðarmálagjalds færi samkvæmt ákvæðum VIII. – XIV. kafla laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Með öðrum orðum hafi fallið burt heimild skattstjóra til þess að leggja gjaldið á án þess að ný skattlagningarheimild til annarra stjórnvalda hafi komið í staðinn. Jafnframt byggðu stefnendur kröfu sína á 65. gr. og 77. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944, og ákvæðum samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem sé fylgiskjal með lögum nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu, um bann við mismunun og um féлага-, hugsana- og tjáningarfrelsi.

Í niðurstöðu dómsins kemur fram að óumdeilt sé að 3. mgr. 1. gr. laganna hafi verið felld brott með lögum nr. 124/2010. Dómurinn lítur þó svo á að með því hafi heimild skattstjóra til þess að leggja gjaldið á ekki fallið burt. Skattlagningarheimild laga nr. 134/1994 var í 1. mgr. 1. gr. þeirra þar sem kveðið var á um að leggja skyldi 0,08% iðnaðarmálagjald á allan iðnað í landinu eins og hann var skilgreindur í 2. gr. laganna. Gjaldstofninn skyldi vera velta samkvæmt 11. gr. laga um virðisaukaskatt, að meðtalinni veltu sem var undanþegin virðisaukaskatti samkvæmt 12. gr. þeirra laga. Ákvæði 3. mgr. 1. gr. um álagningu og innheimtu gjaldsins laut hins vegar að framkvæmd skattheimtunnar en ekki skattlagningarheimild.

Dómurinn féllst ekki á kröfu stefnenda.

Héraðsdómur Reykjavíkur í máli nr. S-193/2012

Um er að ræða refsímál sem höfðað var á hendur B fyrir meiriháttar brot gegn skattalögum sem framkvæmdastjóri, stjórnarmaður og prókúruhafi N ehf. með því að hafa m.a. ekki staðið skil á skilgreinum félagsins vegna staðgreiðslu opinberra gjalda á lögmæltum tíma.

B bar ekki brigður á að ekki hafi verið staðið skil á skilgreinum félagsins vegna staðgreiðslu opinberra gjalda á lögmæltum tíma en neitaði hins vegar sök að þessu leyti og bar fyrir sig að starfsmenn bókhaldsstofu hafi borið ábyrgð á því að annast skil á skilgreinum til skattyfirvalda.

Í dómi héraðsdóms segir að samkvæmt 44. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 bar B skylda til að annast um að starfsemi félagsins væri í réttu horfi og jafnframt að fylgjast með og tryggja að félagið innti af hendi lögboðin gjöld og stæði skil á skilgreinum til skattyfirvalda á lögmæltum tíma. Það firri hann ekki ábyrgð að hann hafi falið bókhaldsstofu að annast útreikning launa og færslu bókhalds. Með vísan til þessa og gagna málsins var ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru.

Úrskurður yfirsattanefndar nr. 254/2011

Málavextir eru þeir að samkvæmt ársreikningum Ó hf. fyrir árin 2004, 2005 og 2006 fólst starfsemi félagsins á greindum árum í viðskiptum með verðbréf. Með bréfi, dags. 2. apríl 2009, óskaði skattstjóri eftir skýringum félagsins á nýtingu ónotaðs rekstrartaps í skattskilum þess árin 2005, 2006 og 2007.

Með úrskurði ríkisskattstjóra var tilfærður frádráttur ónotaðra rekstrartapa frá fyrri árum að fjárhæð kr. 33.190.152 í skattframtali árið 2005, kr. 67.952.841 í skattframtali árið 2006 og kr. 1.1198.930 í skattframtali árið 2007 felldur niður og opinber gjöld Ó hf. endurákvörðuð til samræmis. Forsendur ríkisskattstjóra fyrir niðurfellingu ónotaðra rekstrartapa voru þær að lagaskilyrði fyrir frádrætti rekstrartaps samkvæmt 8. tölulið 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, væru ekki uppfyllt með því að veruleg

breyting hefði orðið á rekstri kæranda á árinu 2001 sem ekki yrði séð að hefðu verið gerðar í venjulegum og eðlilegum rekstrartilgangi. Um var að ræða nýtingu rekstrartaps sem myndast hafði á árunum 2000 og 2001 í rekstri ferðaskrifstofu á móti tekjum af verðbréfavíðskiptum á árunum 2004, 2005 og 2006. Skírskotaði ríkisskattstjóri meðal annars til þess að í kjölfar breytinga á eignarhaldi að Ó hf. á árinu 2001 hefði starfsemi félagsins, sem fólgin hefði verið í rekstri ferðaskrifstofu, legið niðri allt til ársins 2004 þegar félagið hefði hafið starfsemi í breyttri mynd, þ.e. með kaupum og sölum verðbréfa, og væri þannig um óskyldan rekstur að ræða. Ljóst þætti að eini tilgangur að baki því að hefja að nýju rekstur innan vébanda Ó hf. hefði verið sá að nýta uppsafnað rekstrartap á móti skattstofni af verðbréfavíðskiptum

Í úrskurði yfirskattanefndar segir meðal annars að almennt teljist það vera veruleg breyting á starfsemi í skilningi 8. töluliðar 31. laga nr. 90/2003 þegar blásið er nýju lífi í starfsemi félags sem ekki hafur haft með höndum neinn rekstur um árabíl. Jafnan verði þó hverju sinni að taka til athugunar hvort breytingar á starfsemi geti talist gerðar í eðlilegum og venjulegum rekstrartilgangi, enda sé frádráttur rekstrartaps þá heimill skv. ákvæðinu þrátt fyrir að um verulega breytingu á starfsemi sé að ræða. Rekstur Ó hf. hafi legið niðri um tveggja ára skeið þegar tilgangi félagsins var breytt á árinu 2004 og það hóf alls óskylda starfsemi. Ekki verði ráðið að ákvörðun um upphaf þeirrar starfsemi tengist á nokkurn hátt þeirri starfsemi sem Ó hf. hafði áður með höndum, þ.e. rekstri ferðaskrifstofu, eða hagsmunum henni tengdri. Ekki verði dregin önnur ályktun af því sem fram hefur komið í málinu en að tilgangur með því að hefja starfsemi kæranda að nýju hafi fyrst og fremst verið sá að nýta rekstrartap félagsins, en sú ráðstöfun er andstæð skýrum tilgangi löggjafans með lögleiðingu ákvæðisins. Kröfum kæranda var því hafnað.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti tekur til starfa

Þann 1. september sl. tók fjármála- og efnahagsráðuneyti til starfa í samræmi við boðaðar breytingar á skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Hið nýja ráðuneyti sinnir verkefnum sem fjármálaráðuneyti hefur haft með höndum en tekur jafnframt að sér ný verkefni. Efnahagsmál, málefni Seðlabanka Íslands og Hagstofu Íslands verða undir stjórn hins nýja fjármála- og efnahagsráðuneytis, sem jafnframt mun hafa umsjón með umsýslu jarðeigna ríkisins og Jarðasjóði.

Skatta- og lögfræðisvið PwC

Við hjá Skatta- og lögfræðisviði bjóðum upp á margs konar þjónustu, þar með talið ráðgjöf varðandi:

- Alþjóðlega skattaráðgjöf
- Félagarétt
- Milliverðlagningu („Transfer pricing“)
- Samruna, skiptingar og yfirtökur
- Skattlagningu einstaklinga
- Skattlagningu rekstraraðila
- Virðisaukaskatt

Starfsmenn sviðsins hafa mikla reynslu og yfirgripsmikla þekkingu á sviði skatta- og félagaréttar og veita viðskiptavinum aðstoð og ráðgjöf varðandi lögfræðileg álitafni sem skapast innanlands sem og erlendis.

Til að fá frekari upplýsingar um starfsemina er hægt að hafa samband við eftirfarandi starfsmenn:

Ábyrgðarmaður

Friðgeir Sigurðsson
Sviðsstjóri Skatta- og lögfræðisviðs
Sími: +354 550 5366
fridgeir.sigurdsson@is.pwc.com

Ritstjóri

Jóhanna Á. Jónsdóttir
Ráðgjafi/lögfræðingur
Sími: +354 550 5356
johanna.a.jonsdottir@is.pwc.com

PwC | Skógarhlíð 12 | 105 Reykjavík | S. 550 5300 | Fax:550-5301 | www.pwc.com/is

Þessi samantekt felur ekki í sér ráðgjöf af neinu tagi. Ekki ætti að hafast samkvæmt vefriti án þess að fá sérfræðilega ráðgjöf. PricewaterhouseCoopers ehf., PricewaterhouseCoopers LLP, hluthafar, starfsmenn og umboðsaðilar bera ekki ábyrgð á upplýsingum sem gefnar eru í þessu vefriti eða aðgerðum sem framkvæmdar eru af hálfu annarra aðila á grundvelli þessara upplýsinga.

©2009 PricewaterhouseCoopers ehf. Allur réttur áskilinn. "PricewaterhouseCoopers" vísar til PricewaterhouseCoopers ehf. á Íslandi, nema ráða megi af samhengi eða beinum tilvísunum að vísað sé í önnur fyrirtæki innan PricewaterhouseCoopers International Limited sem öll eru lagalega sjálfstæðar einingar.